

2.3.2021

## Tilkynning frá Innes ehf.

Með hliðsjón af neytendavernd hefur Innes heildsala ákveðið að taka úr sölu og innkalla **Billys Pan Pizza Peperoni**, 170g.

Ástæða innköllunar er sú að málmstykki fannst í einni pizzu.

Varan var seld til eftirfarandi verslana: Bónus og Hagkaup um land allt, Krónan um land allt, Krambúðin, Kjörbúðin og Nettó um land allt, Extra í Keflavík, Akureyri og Barónstíg, Heimkaup, Hlíðarkaup, Fjarðarkaup, Þín Verslun, Verslunin Rangá, Kríuveitingar, N1 Nesti Hringbraut, Skerjakolla ehf, Albína, Kaupfélag Skagfirðinga, Góður Kostur, Verslunin Urð og Verslun Kassans á tímabilinu 6.11.2020 – 19.01.2021

Sérstök athygli er vakin á að innköllunin varðar eingöngu best fyrir dagsetninguna 09.06.2021.

### Upplýsingar um vöruna:

- Vörumerki: Billys
- Vöruheiti: Pan Pizza Peperoni
- Strikanúmer: 7310960718116
- Best fyrir lok: 09.06.2021
- Nettómagn: 170g.

Viðskiptavinum sem keypt hafa vöruna með þessari dagsetningu er bent á að þeir geta skilað henni í verslunina þar sem hún var keypt gegn nýrri vöru.

Innes biður viðskiptavini sína sem hafa orðið fyrir óþægindum vegna þessa innilegrar afsökunar.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Innes í síma 532 4000 eða í gegnum netfangið [ts@innes.is](mailto:ts@innes.is).

